

Reglugerð þessi er sett samkv. bráðabirgðalögum nr. 60 10. maí 1968, um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrara sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Umferðargjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á norðurleið.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra-bifreiðar og slökkvibifreiðar, svo og þau ökutæki Vegagerðar ríkisins, sem vinna að viðhaldi Reykjanesbrautar, snjómokstri eða saltdreifingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. maí 1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.